

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a,
210 Garðabæ

Reykjavík, 8. nóvember 2024
UST202405-120/K.S.G.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Plöntuverndarvörur á markaði - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 12.9.2024 um niðurstöður eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur á plöntuverndarvörum á markaði sem fyrirtækið Samhentir Kassagerð hf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir vegna málsins, svo framarlega sem vörurnar sem gerðar voru athugasemdir við í eftirlitinu eru ekki í sölu hjá fyrirtækinu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsins og voru á staðnum á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Samhentir Kassagerð hf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>